

tekinn tali

**500 sjóbirtingum sleppt
í Hólmsá og Bugðuna:**

„ALLIR FÁ AÐ VEIÐA ÞENNAN FISK”

— segir Jakob Hafstein, fiski-
ræktarfulltrúi borgarinnar, en
það er Veiði- og fiskiræktarráð
Reykjavíkurborgar sem
stendur fyrir þessari nýjung

■ Langþráður draumur Veiði- og fiskiræktarráðs Reykjavíkurborgar réttist nú í fyrradag, þegar að 500 sjóbirtingum var sleppt í Hólmsá og Bugðuna hér fyrir ofan bæinn.

Að sögn Jakobs Hafstein fiskiræktarfulltrúa borgarinnar þá var þessi framkvæmd gerð á vegum borgarinnar, en fyrir þessu var til gömul samþykkt. Fiskurinn er eldisfiskur, sem vegur á bilinu 2,5 og upp í 6 pund. Jakob sagði að tilgangurinn með því að sleppa fiski þarna, væri sá að reyna að gera eitthvað fyrir vatnahverfin þarna upp frá sem líttill fiskur er í, og að gefa fólki um leið meiri möguleika á að njóta útivistar og veiðiskapar í fögru umhverfi.

Fiskurinn var geymdur í þrónni við Elliðaárna, þar til honum var sleppt í Hólmsá og Bugðuna, en hann var alinn upp fyrir austan Fjall.

Allir fá að veiða þennan fisk, og verður gjaldi veiðileyfa stillt mjög í hóf. Svæðið tilheyrir veiðifélagi Elliðavatns og verða veiðileyfin seld í versluninni Vestur-röst, Gunnarshólma og á bænum Elliðavatn.

Vonast starfsmenn Veiði- og fiskiræktarráðs Reykjavíkurborgar til þess að tilraun þessi takist vel, og að fólk fari sem fyrst til þess að veiða þennan fallega sjóbirting, en hann er að sögn Jakobs, einmitt ætlaður til þess að vera veiddur.

Auk þess að sleppa þessum sjóbirting, þá hefur Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar sleppt þarna upp frá, nú fyrr í sumar einum 40 lóxum, þannig að silungsveiðimenn sem leggja leið sína að Hólmsá þessa dagana, gætu fengið óvæntan glæðning á stöngina sína.

Þetta framtak borgarinnar kemur til framkvæmda einmitt í Reykjavíkuviku, en að sögn Jakobs, þá er þar meira um tilviljun að ræða en að slíkt hafi verið skipulagt. „Það má hins vegar líta á þetta sem afmælisgjöf borgarinnar til borgarbúa, ef þessi tilraun tekst vel,” sagði Jakob.

Veiði- og fiskiræktarráð rekur Klak- og eldisstöðina við Elliðaárbrúna, og að sögn Jakobs, þá hafa starfsmennirnir talið að sá rekstur, en hann hefur verið í þeirra höndum síðan í október sl., gefi þeim möguleika á að fram-




■ Hér fangar Jakob Hafstein hinn fallegasta sjóbirting, en hann var einmitt að undirbúa flutning fiskeins þegar ljósmyndara Tímans bar að.

kvæma ýmislegt varðandi fiskræktun og að sleppa veiðanlegum fiski. Sagði hann að þeir væru þá ekki hvað sist með yngstu borgarana í huga, því þeir vildu gjarnan veita þeim fleiri tækifæri til þess að veiða.

—AB



■ Daniel Helgason, einn úr stjórn Veiðifélags Elliðavatns er hér að fanga silunginn sem fluttur var. Tímamyndir — Róbert



■ Eldisfiskurinn að austan var geymdur í þrónni við Elliðaárna áður en honum var sleppt.